Nd. **108. Frumvarp**

til laga um breyting á 26. gr. 1. lið í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta.

Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í Ed.

1. liður 26. gr. í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908, þannig, að hver sem fær veitingu fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síðar, fær laun eftir lögum þessum.

Verði engar breytingar á sóknaskipun í prestakalli samkv. prestakallaskipunarlögunum, þá má presturinn kjósa um að fá launaupphæðina eftir eldri reglunum, eða eftir lögum þessum. Sama rétt hafa prestar í þeim prestaköllum, þar sem kostur er á að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt í lögunum, gangi presturinn að þeim breytingum. Enn fremur hafa allir prestar þennan rétt, sem orðnir eru 60 ára að aldri.